

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu, blátunnu og græntunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
240 l ílát	17.364 kr.	7.532 kr.	7.532 kr.
360 l ílát	25.920 kr.	11.160 kr.	11.160 kr.
660 l ílát	50.104 kr.	23.054 kr.	23.054 kr.
1.100 l ílát	82.343 kr.	37.265 kr.	37.265 kr.
1.700 l ílát	127.500 kr.	52.700 kr.	52.700 kr.
3.000 l ílát	216.000 kr.	93.000 kr.	93.000 kr.
8.000 l ílát	576.000 kr.	248.000 kr.	248.000 kr.

*Grátunna:* losun á 14 daga fresti.

*Blátunna:* losun á 42 daga fresti.

*Græntunna:* losun á 42 daga fresti.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ári ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	21.000 kr.
Frístundahúsnæði	17.713 kr.
Lögbýli	10.269 kr.
Fyrtæki	34.362 kr.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m<sup>3</sup> vikulega. Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð, miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> er kr. 5.000.

#### 5. gr.

##### *Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð verði aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 22. nóvember 2017 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 8. desember 2017. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1157/2016 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. desember 2017.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018